

SAMÞYKKT

um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Borgarbyggð.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Borgarbyggð afgreiðir, án staðfestingar umhverfis- og skipulagsnefndar, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmálum og öðrum samþykktum Borgarbyggðar um byggingarmál.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsnefndar og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir skv. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Synji byggingarfulltrúi erindi skulu þó líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í umhverfis- og skipulagsnefnd.

4. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synjar erindi, er honum heimilt að skjóta máli sínu til umhverfis- og skipulagsnefndar innan 14 daga frá afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 4. mgr. 39. gr. skipulags- og byggingarlaga.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Borgarbyggðar staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 117/1999 um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.